



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## ÍSLENSKIR ÞÁTTTAKENDUR Í ÓLYMPÍULEIKUM MÓTTAKA Á BESSASTÖÐUM

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson heiðrar í dag íslensku þátttakendurna í Ólympíuleikunum í London með sérstakri móttöku á Bessastöðum. Íþróttafólki, þjálfurum og öðrum starfsmönnum sem voru á Ólympíuleikunum er boðið til móttökunnar ásamt forystu ÍSÍ, formönnum sérsambanda þeirra íþróttagreina sem Íslendingar kepptu í sem og fréttamönnum og ljósmyndurum íslenskra fjölmiðla sem viðstaddir voru Ólympíuleikana. Móttakan hefst kl. 17:00.

*15. ágúst 2012*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).*